

Fundargerð 12. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn miðvikudaginn 22. maí 2024 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún bauð sjálfa sig fram sem fundarstjóra og lagði til að Hanna María Kristjánsdóttir yrði ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2023. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu Þekkingarsetursins.

3. Ársreikningur ársins 2023

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2023 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 8,3 milljónir króna. Heildareignir námu 21,7 milljónum króna í árslok en skuldir voru tæpar 20 milljónir króna. Eigið fé í árslok var 1,8 milljón króna.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á vefsíðu Þekkingarsetursins:

<https://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/arsskyrslur/>

4. Rannsóknir vegna vindmyllugarða

Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur og doktorsnemi við Þekkingarsetrið, kynnti rannsóknir vegna vindmyllugarða sem unnið er að í setrinu.

5. Fróðleiksfúsi – Allir með!

Daníel G. Hjálmtýsson, verkefnisstjóri hjá Þekkingarsetri Suðurnesja, bauð fundargestum að prófa gagnvirka fræðsluleikinn Fróðleiksfúsa sem þróaður hefur verið í setrinu.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:15.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Berglind Kristjánsdóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign